

## **Túlkun á 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða; heimildir lífeyrissjóða til að stunda verðbréfalán**

Með hugtakinu verðbréfalán (securities lending) er átt við að verðbréf eru yfirfærð tímabundið frá einum aðila til annars, þ.e. frá lánveitanda til lántaka, gegn þóknun á grundvelli samnings þar um.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal ávaxta iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóða með innlánnum í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Í 36. gr. laga nr. 129/1997, sem fjallar um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða, hefur löggjafinn afmarkað með skýrum hætti heimildir lífeyrissjóða en í 1.-9. tl. 1. mgr. 36. gr. eru tæmandi taldar þær tegundir fjárfestinga, þ.e. innlán og framseljanleg verðbréf, sem lífeyrissjóðum er heimilt að ráðstafa fjármunum til að gættum almennum skilyrðum ákvæðisins. Auk þess að fjárfesta í innlánnum og framseljanlegum verðbréfum er lífeyrissjóðum skv. 10. tl. 1. mgr. 36. gr. heimilt að gera afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.

Samkvæmt framangreindu er ekki að finna heimild fyrir lífeyrissjóði til að stunda verðbréfalán í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Það er því mat Fjármálaeftirlitsins að lagaheimild skorti til að lífeyrissjóðum sé heimilt að stunda verðbréfalán.

Fjármálaeftirlitið bendir á að fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða hafa verið afmarkaðar í lögum samkvæmt framangreindu með hliðsjón af lögbundnu og skýrt skilgreindu hlutverki sjóðanna sem er að tryggja öllu starfandi fólki tiltekna lágmarksframfærslu eftir starfslok. Sjóðirnir þurfa því að gæta tilhýðilegrar varkárni og horfa til langtímahagsmuna sjóðfélaga við ráðstöfun fjármuna.

Nauðsynlegt er að mati Fjármálaeftirlitsins að settar verði skýrar reglur um verðbréfalán áður en lífeyrissjóðir hefja slík viðskipti. Þær reglur þyrftu m.a. að fjalla um umfang slíkra lána sem hlutfall af hreinni eign sjóðanna, hvaða skilyrði tryggingar og verðbréfalánasamningar þurfi að uppfylla, hver geti verið mótaðili í viðskiptum, hver tímalengd samninga geti verið og kröfu um skriflega samninga um viðskiptin.

Með hliðsjón að framangreindu er það mat Fjármálaeftirlitsins að lífeyrissjóðum sé ekki heimilt að stunda verðbréfalán á meðan ekki er að finna til þess lagaheimild í VII. kafla laga nr. 129/1997.

Fjármálaeftirlitið

13. júlí 2007